

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Reykhólahreppi.

I. KAFLI

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er heimilað í Reykhólahreppi að fengnu leyfi og uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari. Allir skráðir hundar skulu vera ábyrgðartryggðir.

2. gr.

Leyfi til hundahalds má veita lögráða einstaklingum, sem lögheimili eiga í sveitarféluginu, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. Leyfið skal bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b. Leyfið er bundið við þann hund sem sótt er um leyfi fyrir.
- c. Verði breyting á dvalarstað leyfishafa, drepið hundurinn eða flytjist úr sveitarféluginu, ber leyfishafa að tilkynna slíkt til skrifstofu Reykhólahrepps.
- d. Sækja skal um leyfi fyrir hvolpa áður en þeir verða 3ja mánaða gamlir.
- e. Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar samkvæmt XV. kafla reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Vottorð um fyrrgreinda hreinsun skal liggja fyrir við afgreiðslu árlegs leyfisgjalds.
- f. Hundur má aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Gæta skal þess að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða raski ró manna.
- g. Óheimilt er að vera með fleiri en þrjá hunda á hverju lögheimili. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef hundar eru ræktaðir í atvinnuskyni.
- h. Hunda á lögbýlum skal skrá og skulu eigendur þeirra greiða skráningar- og eftirlitsgjald fyrir hvern hund. Að öðru leyti sætir hundahald í dreifbýli að öllu jöfnu ekki takmörkunum.

3. gr.

Sækja skal um leyfi til hundahalds á skrifstofu Reykhólahrepps á þar til gerðu eyðublaði. Skrifstofa gefur út umbeðið leyfi enda sé skilyrðum og ákvæðum samþykktar þessarar sem og lögum og reglugerðum fullnægt og fær eigandi númeraða plötu sem ávallt skal vera í ól um háls dýrsins.

4. gr.

Óheimilt er að hleypa hundum inn í húsrými og inn á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar, sjá þó ákvæði sömu greinar reglugerðarinnar um heimildir fatlaðs fólks með hjálparhunda. Einnig er óheimilt að hleypa hundum á staði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Staðir samkvæmt framangreindu eru meðal annars vatnsveitur, vatnsból, verndarsvæði þeirra og brunnar, skólar, gæsluvellir og íþróttahús, kirkjur og söfn og gististaðir, veitingastaðir og matvæla-fyrirtæki.

5. gr.

Hundar sem ganga lausir utandyra skulu handsamaðir af starfsmönnum Reykhólahrepps og færðir til geymslu. Sama gildir um hættulega og óleyfilega hunda. Kostnaður við töku, geymslu og föðrun skal að fullu greiddur af eiganda. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað og fer um lógun hunda skv. 15. gr. reglugerðar nr. 80/2016 um velferð gæludýra.

II. KAFLI
Kattahald.

6. gr.

Kattahald á Reykhólum sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Allir skráðir kettir skulu vera ábyrgðartryggðir.

7. gr.

Leyfi til kattahalds má veita lögráða einstaklingum, sem lögheimili eiga í sveitarféluginu, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

- a. Leyfið skal bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og er óheimilt að framselja það.
- b. Leyfið er bundið við þann kött sem sótt er um leyfi fyrir.
- c. Verði breyting á dvalarstað leyfishafa, drepið kötturinn eða flytjist úr sveitarféluginu, ber leyfishafa að tilkynna slíkt til skrifstofu Reykhólahrepps.
- d. Sækja skal um leyfi fyrir kettlinga áður en þeir verða 3ja mánaða gamlir.
- e. Kettir skulu færðir árlega til hreinsunar til sveitarfélagsins samkvæmt XV. kafla reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti eftir nánar auglýstum tíma. Kettir skulu vera hreinsaðir af ormum svo og öðrum sníkjudýrum sem máli skipta. Vottorð um fyrrgreinda hreinsun skal liggja fyrir við afgreiðslu árlegs leyfisgjalds. Gjald vegna hreinsunar er innifalið í leyfisgjaldi vegna kattarins.
- f. Eigendur skulu láta skrá ketti sína á skrifstofu Reykhólahrepps og skulu allir heimiliskettir bera bjöllu og merkta hálsól, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimilisfang og símanúmer, eða vera örmerktir. Á ólinni skal vera plata, sem í er grafið skráningarnúmer dýrsins.
- g. Við skráningu skulu kattaeigendur undirrita yfirlýsingu um að þeir muni í einu og öllu fara með ketti sína eftir fyfirmælum samþykktar þessarar.
- h. Leyfishafa ber að sjá svo um að köttur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna.
- i. Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en einn mánuð á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- j. Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en two ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimilinu. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef kettir eru ræktaðir í atvinnuskyni.
- k. Eigendum og forráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta m.a. að næturlagi.

8. gr.

Sækja skal um leyfi til kattahalds á skrifstofu Reykhólahrepps á þar til gerðu eyðublaði. Skrifstofa gefur út umbeðið leyfi enda sé skilyrðum og ákvæðum samþykktar þessarar sem og lögum og reglugerðum fullnægt og fær eigandi númeraða plötu sem ávallt skal vera í ól um háls dýrsins.

9. gr.

Óheimilt er að hleypa köttum inn í húsrými og inn á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar. Einnig er óheimilt að hleypa köttum á staði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndlud eða geymd, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli. Staðir samkvæmt framangreindu eru meðal annars vatnsveitur, vatnsból, verndarsvæði þeirra og brunnar, skólar, gæsluvellir og íþróttahús, kirkjur og söfn og gististaðir, veitingastaðir og matvælafyrirtæki.

III. KAFLI**Eftirlit.**

10. gr.

Heilbrigðisnefnd Vestfjarða hefur eftirlit með samþykkt þessari.

Sveitarstjórn tilnefnir dýraeftirlitsaðila sem fyrir hennar hönd ber að sjá um að framfylgt sé ákvæðum samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar Vestfjarða. Heimilt er að skipa fleiri en einn aðila til verksins og setur sveitarstjórn honum nánari starfsreglur. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði heilbrigðisnefndar og hefur eftirlit með hunda- og kattahaldi í Reykhólahreppi og getur leitað aðstoðar löggregluyfirvalda þegar þess er þörf.

Dýraeftirlitsmaður skal gera skriflega skýrslu um þau dýr sem hann þarf að hafa afskipti af. Á skrifstofu sveitarfélagsins skal fára upplýsingar um leyfð dýr og skráða hunda í dreifbýli í þar til gerða bók. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Dýraeftirlitsmaður skal árlega senda heilbrigðisnefnd Vestfjarða og umhverfis- og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps skrá yfir leyfða hunda og ketti.

IV. KAFLI**Gjaldtaka.**

11.gr.

Sveitarstjórn skal, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Vestfjarða, setja gjaldskrá vegna eftirlits með hundum og köttum í samræmi við ákvæði 4. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í gjaldskránni skal kveðið á um gjald til sveitarstjóðs vegna útgáfu og endurnýjunar leyfis til hunda- og kattahalds. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu dýrsins til næsta maímánaðar og síðan árlega 1. maí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið til hunda- eða kattahalds sjálfkrafa úr gildi. Í gjaldskránni skal einnig kveðið á um greiðslu eigenda hunda og katta á kostnaði vegna annarra gjaldaliða sem leiða af samþykkt þessari. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarstjórn er heimilt að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir nytjahunda, svo sem hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa og minkahunda. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjónaprír nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald.

V. KAFLI**Málsmeðferð og gildistaka.**

12. gr.

Við minni háttar brot á samþykkt þessari skal eigandi dýrsins sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiri háttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hunda- eða kattahald gilda getur sveitarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda dýrið dýraeftirlitsmanni. Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hunda- eða kattahalds telji hún þess brýna þörf. Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af broti á samþykkt þessari.

13. gr.

Sinni leyfishafi samkvæmt samþykkt þessari ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er heilbrigðisnefnd Vestfjarða heimilt að beita hann dagsektum þar til úr er bætt eða öðrum þvingunarúrræðum í samræmi við ákvæði VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað er til fellur vegna brota hans á samþykkt þessari. Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Nr. 835

22. september 2016

14. gr.

Framangreind samþykkt sveitarstjórnar Reykhólahrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. september 2016.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. október 2016